

Fimmtudaginn 19. desember 1991.

Nr. 132/1989. **Sveinbjörn J. Hjörleifsson**

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

Rögnvaldi Ingvasyni

(Jón Kr. Sólnesson hrl.).

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1989. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara þess, að skaðabætur til stefnda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Atvikum máls þessa er lýst í héraðsdómi eftir staðhæfingum málsaðila hvors um sig, og greinir þá á um nokkur atriði. Ljóst er þó, að áfrýjandi tók að sér að aka stefnda í Skagafjörð 3. október 1987 og fékk í staðinn nokkur afnot af bifreið hans. Þar sem báðir áttu nokkuð af hendi að láta, er eigi unnt að dæma mál þetta eftir 16. kapítula þjófabálks Jónsbókar, en ráða verður því til lykta með hliðsjón af reglum um leigu. Upplýsingar um slysið að kvöldi fyrrnefnds dags eru ófullkomnar, en þó nægilegar til að leiða í ljós, að áfrýjandi sýndi þá óvarkárni í akstri sínum áleiðis í Skagafjörð, að dæma ber hann til að greiða stefnda bætur eftir almennum skaðabótareglum. Verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað hér fyrir dómi, eins og í dómsorði segir. Er þá höfð hliðsjón af ferðakostnaði lögmanns stefnda, en ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Sveinbjörn J. Hjörleifsson, greiði stefnda, Rögnvaldi Ingvasyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. janúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. janúar sl., hefur Rögnvaldur Ingvason, nnr. 7450-1184, kt. 270767-5919, til heimilis að Þverá I, Skiðadal, Svarf-aðardalshreppi, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 3. mars 1988, á hendur Sveinbirni J. Hjörleifssyni, nnr. 8708-5600, kt. 291056-3269, til heimilis að Goðabraut 21, Dalvík.

Krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 285.000 kr. með 43,2% ársvöxtum af 430.000 kr. frá 3. okt. 1987 til 1. nóv. s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. des. 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1. jan. 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til 10. febr. s.á., af 285.000 kr. frá þ.d. til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 3. mars s.á., en með vöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987, frá þ.d. til greiðsludags. Þá er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. laga nr. 25, 1987. Að lokum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 2. október 1987 hafi orðið samkomu-lag með sér og stefnda um, að hinn síðarnefndi æki bifreið hins fyrrnefnda frá Dalvík að Laufskálarétt í Skagafirði, og hafi stefnandi verið farþegi í bifreiðinni. Þegar vestur var komið 3. október, hafi stefndi fengið bifreiðina lánaða til þess að fara til Akureyrar, en þar hafi hann átt að vera kominn til vinnu kl. 16.00 síðdegis. Áður en stefndi hafi lagt af stað til Akureyrar, hafi stefnandi og félagar hans tryggt sér far til baka til Dalvíkur með ann-arri bifreið, og hafi stefnandi þá þegar tilkynnt stefnda, að hann þyrfti ekki að sækja sig vestur. Stefndi hafi síðan farið á bifreiðinni til Akureyrar og ekki meira frést af honum, fyrr en hann hafi tilkynnt lögreglu á Akur-eyri, að hann hefði velt bifreiðinni á Þelamörk í Hörgárdal kl. 0.20 sunnu-daginn 4. október 1987, og óskaði eftir, að bifreiðin yrði sótt þangað af kranabifreið, og hafi það verið gert.

Dómkvaddir hafi verið matsmenn til þess að skoða og meta verðmæti bifreiðarinnar: 1, fyrir tjón, 2, viðgerðarkostnað, 3, verðmæti eftir tjón, og 4, hæfilegar fébætur fyrir afnotamissi. Hinir dómkvöddu matsmenn hafi metið verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjón 430.000 kr. og að viðgerðar-

kostnaður væri meiri en verðmæti fyrir tjón. Verðmæti bifreiðarinnar eftir tjón hafi þeir metið 100.000 kr. Stefnandi hafi selt flak bifreiðarinnar fyrir 145.000 kr. 18. janúar 1988, sem greiddar hafi verið þannig: með peningum 80.000 kr. og með víxli pr. 18. apríl 1988 65.000 kr. Séu þessar tölur reiknaðar til frádráttar bótakröfu. Lögmaður stefnanda hafi ritað stefnda kröfubréf 4. janúar 1988 og krafist hann um greiðslu á tjóni því, er hann olli á bifreiðinni A-11490, sem hann hafi haft að láni, þegar tjónið varð. Hafi krafan verið sett fram á grundvelli matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna. Þessu hafi stefndi ekki sinnt og hafi reyndar hafnað því skriflega með bréfi frá lögmanni sínum, dagsettu 14. janúar 1988. Byggir stefnandi kröfu sína á því, að stefndi hafi borið ábyrgð á bifreiðinni A-11490, sem hann hafi haft að láni á sína ábyrgð samkvæmt almennum skaðabóta-reglum.

Stefndi kveður málsatvik þau, að 3. október 1987 hafi stefnandi ætlað ásamt félaga sínum í Laufskálarétt í Skagafirði. Hafi þeir ætlað að neyta vins um daginn og fara á dansleik um kvöldið. Hafi þeir því fengið stefnda til þess að aka bifreið stefnanda fyrir sig. Stefndi hafi gert grein fyrir því, að hann þyrfti að vera kominn til vinnu á Akureyri kl. 16.00 þá um daginn, og þyrfti hann því að aka bifreið stefnanda til Akureyrar og ljúka þar störfum sínum, sem átti að vera lokið kl. 21.00 um kvöldið, en að því loknu gæti hann sótt stefnanda og félaga hans að Miðgarði í Skagafirði. Hafi aðilar orðið ásáttir um þetta. Stefndi hafi síðan ekið bifreiðinni 3. október að Laufskálarétt í Skagafirði, og hafi stefnandi og félagi hans neytt áfengis á leiðinni. Áfengisneysla stefnanda og félaga hans hafi haldið áfram í Laufskálarétt. Þegar komið var að því, að stefndi þyrfti að leggja af stað til Akureyrar til vinnu sinnar, hafi þeim talast svo til, honum og stefnanda, að stefndi myndi sækja stefnanda og félaga hans vestur þá um kvöldið, ef þeir hefðu ekki fengið far með öðrum, en þá myndu þeir gefa sig fram við stefnda við veitingahúsið Sjallann kl. 22.00 um kvöldið. Stefndi hafi beðið eftir stefnanda og félaga hans við Sjallann til kl. u.þ.b. 23.30 um kvöldið, en þá lagt af stað vestur til þess að sækja þá. Á leiðinni eða nánar tiltekið við Steðja á Þelamörk í Hörgárdal hafi svo illa viljað til, að stefndi hafi ekið bifreiðinni í lausamöl og misst hana út af veginum með þeim afleiðingum, að hún hafi stórskemmt.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki haft bifreiðina að láni, þegar óhappið varð, heldur hafi hann verið að reka erindi stefnanda, og hafi hann í einu og öllu farið eftir því, sem fyrir sig hafi verið lagt og til mátti af sér ætlast. Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins beri stefndi því ekki ábyrgð á tjóninu.

Samkvæmt framburði beggja aðila og vitna hér fyrir dómi samdist svo um með aðilum, að stefndi skyldi aka bifreið stefnanda að Laufskálarétt

í Skagafirði í umrætt sinn með þeim skilmálum, að stefnandi lánaði stefnda bifreiðina til að komast til vinnu sinnar. Þegar tjónið varð á bifreiðinni, var stefndi með hana að láni í samræmi við framangreint samkomulag. Verður stefndi því talinn bera fébótaábyrgð gagnvart stefnanda í máli þessu, m.a. með vísan til 16. kafla þjófabálks Jónsbókar frá 1281. Ekki er tölulegur ágreiningur um fjárhæð tjónsins og vexti, og verður stefndi því dæmdur til að greiða kröfu stefnanda að fullu. Samkvæmt framan-sögðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 70.000 kr.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sveinbjörn J. Hjörleifsson, greiði stefnanda, Rögnvaldi Ingasyni, 285.000 kr. ásamt 43,2% ársvöxtum af 430.000 kr. frá 3. okt. 1987 til 1. nóv. s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. jan. 1988, 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til 10. febr. s.á., af 285.000 kr. frá þ.d. til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 3. mars s.á., en vöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987, frá þ.d. til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, og 70.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að við-lagðri aðför að lögum.